



SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

ICELANDIC SKI ASSOCIATION

Reykjavík, 19.03.2013

Ágætu borgarstjóri og bæjarstjórar.

Aðstöðumál skíðamanna á höfuðborgarsvæðinu eru að mati Skíðasambands Íslands í miklum ólestri. Við höfum mörg undanfarin ár háð harðvítuga varnarbaráttu fyrir tilvist íþróttarinnar með takmörkuðum árangri. Að óbreyttu sjáum við ekki fram á að nein breyting verði til batnaðar í þessum málum á næstu árum.

Á fundi stjórnar Skíðasambands Íslands 25.02.2013 var gerð eftirfarandi samþykkt sem hér með er komið á framfæri:

„Stjórn Skíðasambands Íslands lýsir miklum áhyggjum af aðstöðuleysi skíðamanna á Íslandi. Áhyggjur okkar líta bæði að aðstöðu keppnisfólks og almennings. Líóst er að skíðaíþróttin hefur ekki setið við sama borð og aðrar íþróttagreinar hvað aðstöðumál varðar.

Ef skíðaíþróttin á að lifa til framtíðar er nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög komi myndarlega að uppbyggingu aðstöðu fyrir skíðafólk á næstu árum.

Sérstaklega er skorað á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að tryggja að komið verði upp snjóframleiðslu í Bláfjöllum og Skálafelli auk þess sem hugmyndir um byggingu skíðahúss í Úlfarfelli verði teknar til sérstakrar athugunar.

Stjórn Skíðasambands Íslands óskar eftir viðræðum við borgarstjórnann í Reykjavík og bæjarstjórana í Garðabæ, í Hafnarfirði, í Kópavogi, í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi um þessi mál.“

Er það von okkar að þið sjáið ykkur fært að bjóða forsvarsmönnum Skíðasambands Íslands til fundar um aðstöðumál skíðafólks á höfuðborgarsvæðinu eins fljótt og verða má.

Virðingarfyllt f.h. Skíðasambands Íslands



Páll Grétarsson
formaður



Þórunn Sif Harðardóttir
framkvæmdastjóri

Afrit sent: Menntamálaráðherra og forseta Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Samstarfsaðilar Skíðasambands Ísland

Innk:	2.4.2013
Málsnr:	1304013
Bréfal:	466.2



ICELANDIC SKI ASSOCIATION

600 Akureyri – Teleph: +354 514 4094 Fax: +354 514 4095

E-mail: ski@ski.is Homepage: www.ski.is Kt:590269-1829, Banki: 162-26-3860